



Umboðsmaður Alþingis  
Sent rafrænt

Reykjavík, 27. mars 2026  
Tilvísun: 09/2025

## Efni: Skýrsla OPCAT-eftirlits vegna fangageymslunnar á Hverfisgötu

Vísað er til erindis umboðsmanns Alþingis, dags. 23. desember 2025, þar sem óskað er eftir því að Landspítali geri grein fyrir viðbrögðum við þeim tilmælum sem beint er til spítalans í skýrslu embættisins „Fangageymslan á Hverfisgötu – umsjón með vistuðum“.

Í skýrslunni er eftirfarandi tilmælum beint til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Landspítalans, dómsmálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins;

Að hafa með sér samráð og samvinnu um að gera ráðstafanir til þess að frelssvipting girði ekki fyrir að þeir sem vistast í fangageymslu geti fengið nauðsynlega geðheilbrigðisþjónustu. Hér er til dæmis vísað til þess að tryggt sé að fyrir hendi sé nægjanleg þekking til að meta hvort ástand vistaðra kalli á sérstakar ráðstafanir, eins og lyfjagjöf eða flutning á heilbrigðisstofnun.

Í skýrslunni er enn fremur tekið fram:

Í ljósi réttaröryggis þeirra sem vistaðir eru í fangageymslu lögreglu og þeirra athugasemda sem settar eru fram í skýrslunni er þess óskað að lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, ríkislögreglustjóri, Landspítalinn, dómsmálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið upplýsi umboðsmann um viðbrögð við þeim tilmælum og ábendingum sem settar eru fram í skýrslunni eigi síðar en 1. apríl 2026. Þannig er þess óskað að upplýst verði um hvort tilmælin og ábendingarnar leiði til einhverra aðgerða eða athafna af þeirra hálfu og þá hverra, sem og um aðrar aðgerðir sem talin er ástæða til að ráðast í af þessu tilefni.

Í tengslum við þær athugasemdir sem fram koma í skýrslunni telur Landspítali mikilvægt að áréttu að vaxandi samstarf hefur verið við lögreglu og fangelsismálayfirvöld í tengslum við fanga sem þurfa á þjónustu að halda. Reglulegir fundir eru haldnir þar sem leitast er við að efla samstarfið með hagsmuni þeirra sem þurfa á þjónustu að halda að leiðarljósi. Því koma þær athugasemdir sem fram koma í skýrslunni nokkuð á óvart. Landspítali tekur þeim tilmælum og ábendingum sem þar koma fram alvarlega og mun halda áfram að styrkja enn frekar það samstarf sem unnið hefur verið að og vonast til þess að það leiði af sér bætta þjónustu við þennan viðkvæma hóp. Þá mun spítalinn enn fremur yfirfara sérstaklega þá verkferla sem unnið er eftir þegar skyndiþjónustu er þörf, líkt og kann að eiga við hjá fólki í varðhaldi.

Virðingarfyllst,

Runólfur Pálsson  
forstjóri